# Funafréttir

Rósa Steinunn Hreinsdó
Halldórsstöðum
601 Akureyri



2. Tölublað.
4. Árgangur.
Júní 1999.

# Íþróttamót Funa 1999.

Íþróttamót Funa var haldið á Melgerðismelum 22. apríl í ágætisveðri. Þátttaka var ágæt nema hjá unglingunum en þar var enginn keppandi skráður til leiks. Úrslit urðu eftirfarandi:

Fjórgangur barna:

1. Anna Sonja Ágústsdóttir á Blökk 8 vetra, brúnni.
2. Hafþór Magni Sólmundsson á Toppu 9 vetra, rauðnösóttri.
3. Þorgils Magnússon á Tvisti 7 vetra, brúnum.

Fjórgangur ungmenna:

1. Þórhallur Þorvaldsson á Króki 7 vetra, brúnum.
2. Sindri Páll Bjarnason á Stormi 6 vetra, rauðblesóttum.
3. Hákon Harðarson á Dirfsku 7 vetra, brúnni.

Fjórgangur fullorðinna:

1. Stefán Birgir Stefánsson á Hjörvari 8 vetra, brúnstjörnóttum.
2. Jóna Sigurðardóttir á Plútó 15 vetra, rauðum.
3. Björn Sæmundsson á Baugi 8 vetra, rauðum.
4. Sverrir Reynisson á Draumi 6 vetra, brúnum.
5. Þorsteinn Egilson á Sleipni 7 vetra, jörpum.

Tölt barna:

1. Þorgils Magnússon á Tvisti 7 vetra, brúnum.
2. Anna Sonja Ágústsdóttir á Blökk 8 vetra, brúnni.
3. Hafþór Magni Sólmundsson á Toppu 9 vetra, rauðnösóttri.

Tölt ungmenna:

1. Þórhallur Þorvaldsson á Króki 7 vetra, brúnum.
2. Hákon Harðarson á Dirfsku 7 vetra, brúnni.
3. Sindri Páll Bjarnason á Stormi 6 vetra, rauðblesóttum.

Tölt fullorðinna:

1. Stefán Agnarsson á Toppi 15 vetra, jarpskjóttum.
2. Þröstur Jóhannesson á Sörla 12 vetra, brúnum.
3. Stefán Birgir Stefánsson á Hjörvari 8 vetra, brúnstjörnóttum.
4. Björn Sæmundsson á Baugi 8 vetra, rauðum.
5. Sverrir Reynisson á Draumi 6 vetra, brúnum.

Fimmgangur fullorðinna:

1. Stefán Birgir Stefánsson á Blakki 7 vetra, brúnum.
2. Stefán Agnarsson á Gæa í Garði 10 vetra, rauðum.
3. Sverrir Reynisson á Sólon 14 vetra, rauðtvístjörnóttum.
4. Björn Sæmundsson á Rauðu-Lísu 10 vetra, rauðri.
5. Jóna Sigurðardóttir á Stiklu 8 vetra, jarpri.

Gæðingaskeið:

1. Sverrir Reynisson á Sólon 14 vetra, rauðtvístjörnóttum.
2. Stefán Agnarsson á Gæa í Garði 10 vetra, rauðum.
3. Þorsteinn Egilson á Rökkva 10 vetra, brúnum.
4. Stefán Birgir Stefánsson á Blakki 7 vetra, brúnum.
5. Björn Sæmundsson á Rauðu-Lísu 10 vetra, rauðri.

Íslensk tvíkeppni:

Barna: Anna Sonja Ágústsdóttir
Ungmenna: Þórhallur Þorvaldsson.
Fullorðinna: Stefán Birgir Stefánsson.

Skeiðtvíkeppni:

Stefán Agnarsson.

Stigahæsti knapi:

Stefán Agnarsson.

Ljóskubrandarar.

Hefurðu heyrt um ljóshærða úlfinn ?
Hann festist í gildru, nagaði af sér þrjár lappir og sat samt fastur.

Af hverju tvöfalda ljóskur aldrei uppskriftir ?
Vegna þess að ofninn kemst ekki nema upp í 350°!

Af hverju hata ljóskur M&M ?
Það er svo hræðilega erfitt að skræla það.

# Svartur frá Unalæk.

Einstaklingsdómur:
Sköpulag: 8,0 - 8,5 - 8,0 - 8,0 - 8,0 - 8,0 - 8,5 = 8,18
Hæfileikar: 8,0 - 9,0 - 10,0 - 9,0 - 9,5 - 8,5 - 9,0 = 8,90
Aðaleinkunn: 8,54

Svartur verður á húsnotkun á Melgerðismelum til 20. júní næstkomandi. Upplýsingar veitir Birgir Stefánsson í síma 463-1249 eða 463-1289.

Létt grín.
Örlög mannskepnunnar. Guð skapaði asnann og sagði við hann: "Þú verður asni. Þú vinnur baki brotnu frá sólarupprás til sólarlags og berð þungar byrðar. Þú étur gras, státar ekki af neinum gáfum og lifir í 50 ár." Og asninn svaraði: "Ég skal vera asni en að lifa í 50 ár er allt of mikið. Hafðu þau 20." Og Guð samþykkti það. Guð skapaði hundinn og sagði við hann: "Þú verður hundur. Þú gætir húss mannsins og verður besti vinur hans. Þú þiggur leifarnar sem hann réttir þér og lifir í 25 ár." Og hundurinn svaraði: "Ég skal vera hundur en að lifa í 25 ár er allt of mikið. Hafðu þau 10." Og Guð samþykkti það. Guð skapaði apann og sagði við hann: "Þú verður api. Þú sveiflar þér úr einu tré í annað og gerir ýmsar kúnstir. Þú verður skemmtilegur og lifir í 20 ár." Og apinn svaraði: "Ég skal vera api en að lifa í 20 ár er allt of mikið. Hafðu þau 10." Og Guð samþykkti það. Að lokum skapaði Guð manninn og sagði við hann: "Þú verður maður, eina vitsmunaveran á jarðkringlunni. Þú notar gáfur þínar til að verða drottnari allra dýra. Þú munt ráða yfir heiminum og lifa í 20 ár." Og maðurinn svaraði: "Ég skal vera maður en að lifa í 20 ár er allt of stutt. Veittu mér að auki þau 30 ár sem asninn vildi ekki, árin 15 sem hundurinn vildi ekki og árin 10 sem apinn vildi ekki." Og Guð samþykkti það. Og æ síðan lifir maðurinn í 20 ár eins og maður. Þá giftir hann sig og eyðir 30 árum eins og asni, þ.e. vinnur baki brotnu frá sólarupprás til sólarlags og ber þungar byrðar. Þegar börnin eru flutt að heiman lifir hann í 15 ár eins og hundur, gætir hússins og borðar allt sem að honum er rétt. Og síðustu 10 árin þegar hann sest í helgan stein lifir hann eins og api, fer hús úr húsi og gerir ýmsar kúnstir til að skemmta barnabörnunum.

## Frá barna og unglingaráði.

Ágætu félagar, það næsta sem er á dagskrá hjá okkur, er að dagana 8 til 10 júní ætlar Jónsteinn að leiðbeina þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í keppni, ef næg þátttaka fæst. Keppendur í ungmennaflokki eru líka velkomnir. Þeir sem hafa áhuga á þessu námskeiði hafi samband við Bjarna eða Ragnheiði í síma 462-5010 fyrir 6. júní.
Síðan er á stefnuskránni að fara ríðandi í lok júlí fram í Borg, það er sæluhús Ármanns formanns fram við Kambfell.
Svo verður byrjendanámskeið í vikunni fyrir bæjakeppnina eins og í fyrra.
Þann 7. maí síðastliðinn héldum við frábæra árshátíð á Melgerðismelum.
Þátttakendur voru 27 alls. Að lokum viljum við geta þess að Auður Hallsdóttir hefur verið valinn formaður nefndarinnar.

Kveðja.
Auður, Jónsteinn, Hörður, Hákon og Bjarni.

♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉♉

## Frá húsnefnd.

Að gefnu tilefni viljum við minna á að heitt er á könnunni annan fimmtudag í hverjum mánuði á Melgerðismelum. Það er núna 10 júní og svo 8/7, 12/8, 9/9, og svo framvegis. Viljum við hvetja félagsmenn til að líta við og skiptast á skoðunum um málefni líðandi stundar og einnig væri gaman ef menn eiga einhverjar myndbandsspólur af hestum eða öðru skemmtilegu að þeir grípi þær með sér.
Einnig viljum við minna á að skálinn er til útleigu og hentar vel fyrir fundi, veislur, ættarmót o.fl. Hægt er að tjalda á staðnum ef menn hafa áhuga.
Útleigu annast Þröstur s: 463-1360, Hafdís s: 861-1348 og Dýrleif s: 463-1290.

Sjáumst hress þann 10 næstkomandi.

♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋♋

<u>Létt grín.</u>
Í bændagistingu í Skagafirði.
Ferðamaðurinn:- Af hverju er grísinn alltaf að reyna að komast inn í herbergið mitt ?
Bóndinn:- Vegna þess að þetta er herbergið hans á veturna.

# Kvennareið 1999.

Nú er komið að því, hin frábæra kvennareið verður farin föstudagskvöldið 11. júní næstkomandi. Konur mætið með reiðskjóta ykkar á Melgerðismela og þaðan verður riðið út í óvissuna kl. 21.00. Eftir útreiðartúrinn verður grillað handa okkur og eru þátttakendur beðnir að taka með sér kjöt á grillið auk drykkjarfanga en meðlæti með kjötinu verður á staðnum.
Þátttökugjald er kr. 500.
Allar konur eru velkomnar.
Húsið opnar fyrir almenning kl. 24.00.
Nánari upplýsingar veitir Hafdís í síma 861-1348.

Ferðanefndin.

☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺☺

# Messureið.

Hin árlega messureið verður farin sunnudaginn 20. júní næstkomandi.
Messað verður í Saurbæ kl. 14.00.
Eftir messu verður riðið í messukaffi á Melgerðismela.
Nánar auglýst síðar.

Ferðanefndin.

♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓♓

Heilræði:
Maður nokkur á Akureyri var að fara á heilsuhælið í Hveragerði.
Konan hans kvaddi hann með þessum orðum: - Góða ferð elskan. Mundu nú eftir því að sofa vel út á morgnana og fara aldrei fáklæddur út, borða vel og umfram allt að sækjast ekki eftir neinu sem þú getur fengið ókeypis hjá mér !

Létt grín.
Hún: - Ef þú kemur svona seint heim aftur þá flyt ég til mömmu.
Hann: - Lofarðu.

# Frá fræðslunefnd.

Þá hefur enn eitt tölublað Funafrétta litið dagsins ljós og er það vel. Fækkað hefur í fræðslunefnd þar sem Kristbjörg er flutt til Flateyrar og vil ég nota tækifærið og þakka henni fyrir vel unnin störf í þágu Funafrétta. Á síðasta aðalfundi var velt upp þeirri spurningu hvort ekki væri hægt að gefa út fleiri en þrjú tölublöð af Funafréttum á ári. Við höfum rætt þetta í nefndinni og komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu forsendur fyrir því að svo stöddu. Ástæðan er sú að efnisöflun er erfið og enn þarf að ganga á eftir nefndum að leggja eitthvað til málana.
Óttar á Garðsá sendi okkur góðan pistil sem birtist í síðustu Funafréttum og kann ég honum bestu þakkir fyrir. Vonandi feta einhverjir félagsmenn í fótspor hans og senda okkur efni til birtingar. Að öllu óbreyttu kemur næsta blað ekki út fyrr en undir næstu jól og bið ég ykkur vel að lifa þangað til.

Ritstjórinn.

# Íslandsfengur.

Stjórn Funa auglýsti tilboð á Íslandsfeng í apríl og voru undirtektir vægast sagt dræmar. Aðeins þrír aðilar sýndu þessu áhuga og var það því miður ekki nóg til þess að við gætum nýtt þetta tilboð. Það tilkynnist hér með.

Stjórn Funa.

Létt grín.
Reykvíkingur einn var að reyna finna lykilorð í tölvu í hafnfirsku fyrirtæki. Hann prófaði orðið: "Hafnfirðingur". Þegar hann var búinn að slá inn lykilorðið kom upp á skjáinn: Vitlaust lykilorð. Það er Hafnfirðingar eru vitrastir. Reyndu aftur.

Hafnfirskur lögfræðingur var eitt sinn spurður að því hvaða refsing væri við tvíkvæni: - Tvær tengdamömmur svaraði hann um hæl.

Hvernig þekkist hafnfirsk aftökusveit ?
Hún myndar alltaf hring.